

PRENTUM ALLT MILLI HIMINS



Mánagötu 2
400 Ísafirði
Sími: 456 4560
Netf.: honnun@bb.is eða bb@bb.is

OG

JARÐAR

Vestfirðingur ársins: Katrín Björk Guðjónsdóttir

Flateyringurinn Katrín Björk Guðjónsdóttir var á dögnum útnefnd Vestfirðingur ársins 2016. Í blaðinu er að finna viðtal við Katrínu um hetjulega baráttu hennar við erfið veikindi og leiðina að batanum. Katrín hefur verið fólki ríkulegur innblástur með skrifum á bloggsíðu sinni, þar sem hún leyfir fólki að fylgjast með litlu sigrunum sem varðað hafa leið hennar frá því er hún fékk stóreflis heilablæðingu í júnímánuði 2015, þá einungis 21 árs að aldri.



Óháð fréttablað á Vestfjörðum BÆJARINS BESTA

Stofnað 14. nóvember 1984 · Fimmtudagur 19. janúar 2017 · 3. tbl. · 34. árg. · Ókeypis eintak



Vestfirðingur ársins: Katrín Björk Guðjónsdóttir

Katrín Björk við afhendingu viðurkenningarinnar ásamt Hildu Maríu systur sinni og Maríu dóttir hennar og Bryndísi Sigurðardóttir ritstjóra bb.is Mynd: Gústi.is



HAMRABORG

Hamraborg ehf • Hafnastræti 7
Sími 456 3166



HAMRABORG
SAMLOKA

Geymist við 0-4 °C

með hangikjöti og salati



HAMRABORG
SAMLOKA

Geymist við 0-4 °C

með roastbeef



HAMRABORG
SAMLOKA

Geymist við 0-4 °C

með kjúklingasalati



HAMRABORG
SAMLOKA

Geymist við 0-4 °C

með rækjum og eggjum

alltaf
nýsmurt



Mynd: Gústi.is

Vestfirðingur ársins: Katrín Björk Guðjónsdóttir

Öfundarfjórðurinn skartaði sínu fegursta er ég ók um hann á leið minni til Flateyrar til að heimsækja Katrínu Björk sem lesendur Bæjarins besta hafa valið sem Vestfirðing ársins 2016. Hvít snjóábreiða lá yfir landinu og allt umlykjandi var blár himininn. Ég hafði reyndar rétt misst af sólinni við Hádegishjallann yfir Bjarnardal og má því bíða aðeins lengur eftir að sjá lífgjafann úr austri sem yfirgefur okkur Vestfirðinga vel flesta yfir myrkustu mánuðina. Það mátti þó vel sjá að það styttist í komu sólar, þar sem hún gyllti fjallatoppa, í þessu undursamlega samspili litanna.

Ég hlakkaði til að hitta Katrínu Björk. Ég hef lesið bloggin hennar og dáðst að henni úr fjarlægð og var afar glöð þegar hún vildi hitta mig í viðtal. Ég var líka ögn kvíðin og velti fyrir mér hvernig samskiptin myndu ganga. Hvernig tjáði hún sig og hvernig myndi mér ganga að skilja hana? Sennilega klassískari vangaveltur en við viljum yfirleitt viðurkenna.

Ég renndi í hlað fyrir utan einstaklega fallett hús fjölskyldunnar við Grundarstíginn, þar sem Katrín býr ásamt móður sinni, Bjarnheiði Ívarsdóttur, hjúkrunarfræðingi og föður Guðjóni Guðmundssyni, húsa-smíðameistara. Húsið fallega hafði fjölskylduaföririnn byggt eftir að snjóflóðið mikla hafði eyðilagt húsið sem þau bjuggu í áður.

Katrín og Heiða mamma hennar voru nýkomnar heim þegar mig bar að garði þar sem Katrín hafði verið í sjúkrahjálfun á Ísafirði. Við fengum okkur sæti inni í eldhúsi og fyrst var ég kynnt fyrir þar til gerðu stafaspjaldi sem Katrín Björk notar mest í sínum daglegu samskiptum. Spjaldið hefur verið mikið þarfþing og fyrst eftir að Katrín var kynnt fyrir spjaldinu, 6 vikum eftir stóru heilablæðinguna, hafði hún frá mörgu að segja, en spjaldið er byggt upp af stafrófinu sem er skipt í liti og litahópa. Við litakerfið notaðist hún fyrst um sinn þegar hún stafaði með augunum. Þannig gátu fjölskyldumeðlimir fíkrað sig áfram og var notast við stílabók til að skrifa niður orðin og svo setningarnar sem myndaðar voru með augunum. Þegar að Katrín rúmum sex mánuðum síðar var kominn með nægjanlegan kraft til að geta stafað sjálf, var búið að skrifa átta þéttskrifaðar stílabækur. Í dag notar hún ekki litakerfið heldur bendir bara á stafina sem hún stafar orðin með.

Strax á fyrstu mínútunum gerði ég mér ljósa grein fyrir að ég væri þarna að taka viðtal við ákveðna unga konu með bein í nefinu. Katrín Björk var mjög skýr við móður sína um að giska

ekki í of miklu snarhasti og gefa sér tíma til að segja það sem hún vildi segja. Það var frábært að fylgjast með samskiptum þeirra mæðgna sem greinilega eru mjög nánar. Heiða var auðvitað eldsnögg að giska á réttu orðin í langflestum tilfellum en þegar það gekk ekki mátti vel sjá einbeittan vilja Katrínar til að tjá sig eins og hún vildi – og þar var enginn afsláttur gefinn af réttu orðunum.

„Ég er svo ótrúlega heppin að það blæddi ekki á málstöðina þannig að ég er ekki með málstol, tungan er bara kraftlaus og þess vegna tala ég nánast óskiljanlega. En ég get talað! Það eina sem ég þarf til þess að gera mig skiljanlega er manneskja með vilja til að skilja það sem ég stafa eða manneskja með vilja til að skilja óskýru orðin mín.“

Vá! Ég lifði

Katrín Björk heldur úti bloggi undir eigin nafni. Þar má fylgjast með lífi hennar og sigrum en hún byrjaði að blogga eftir að hún fór að fá máttinn í líkamann að nýju eftir stóreflisheilablæðingu í júní 2015. Fyrir það hafði hún áður fengið aðra minni í júní ári áður og svo aftur blóðtappa í nóvember. Blóðtappinn þá tók frá henni máttinn í hægri hendi og segist Katrín hafa glímt við mikinn kvíða og erfiðar tilfinningar í kjölfarið á honum. Það hefði því mátt halda að hið risavaxna heilaáfall hefði slegið hana kalda, en nei, þvert á móti varð mikil hugarfarsbreyting í kjölfarið, líkt og lesa má í bloggi hennar:

Fyrir tveimur árum þá var ég nýbúin að fá litla heilablæðingu sem hafði lítil áhrif á mig ég hafði ekki tíma fyrir svona vesen, ég var að fara í próf í háskólanum. Nokkrum dögum seinna fékk ég svo blóðtappa, hann sendi mig hálfra leiðina til helvítis, hann tók frá mér hægri höndina. Í sjö mánuði var ég svo reið, ósátt og óstjórlega kvíðin í stanslausum feluleik, ógeðslegri vanlíðan er ekki til. Eftir sjö mánuði í þessu ógeði þá gafst ég upp, ég fékk svo stóra heilablæðingu að lífi mínu var með naumindum bjargað í skurðaðgerð. Ég man þegar ég lá á gjörgæslunni og hafði ekkert getað tjáð mig eða gefið frá mér nokkurt hljóð, þá lá ég bara og hugsaði í marga daga. Ég vissi að ef ég myndi halda áfram að vera reið og ósátt þá myndi ég berja alla frá mér, deyya svo alein og óhamingjusöm. Þegar ég vaknaði eftir aðgerðina þá tók ég meðvitaða ákvörðun um að nína myndi ég bara sjá það fallega í öllu og ég gæti ekki breytt því sem hefði gerst, en ég gæti gert lífið mitt skemmtilegt, það sem gerist bara gerist alveg sama hvort ég kvíði því eða ekki. Í dag þá trúu ég því í einlægni að ég sé heppnasta manneskja í heimi; ég náði að halda lífi,

BONUS BONUS BONUS BONUS BONUS



129
kr. 2 l

Klaki Kolsýrt vatn
2 lítrar, 3 tegundir



498
kr. kg

Danpo Kjúklingur
Danskur, heill, frosinn



ÍSLENSKT
LAMBKJÖT
2016 SLÁTRUN



698
kr. kg

KS Lambasúpukjöt
Frosið



GOTT VERÐ Í BÓNUS



598
kr. 1 kg

Kellogg's Corn Flakes
1 kg



598
kr. 518 g

Cheerios Morgunkorn
518 g



398
kr. 1 kg

ES Jarðarber
Frosin, 1 kg



398
kr. 500 g

ES Bláber
Frosin, 500 g



298
kr. 400 g

Bónus Chiafræ
400 g



298
kr. 500 g

Bónus Rúsinur
500 g



89
kr. 500 g

ES Haframjöl
500 g



259
kr. 1 kg

Bónus Tröllahafrar
1 kg



198
kr. 1 l


Floridana Heilsusafi
1 lítri

BONUS EKKERT BRUÐL

Opnunartími í Bónus: Mánudaga-Fimmtudaga; 11:00-18:30 • Föstudaga; 10:00-19:30 • Laugardaga; 10:00-18:00 • Sunnudaga; 12:00-18:00

Verð gildir til og með 22. janúar eða meðan birgðir endast





Katrín Björk með Heiðu, móður sinni.

ég á þann besta unnusta sem fyrirfinnst, líka fjölskyldu og tengdafjölskyldu, ég trúi því að fyrst einhver varð að fá þessi áföll þá sé ég besti kosturinn til þess. Þegar bókstaflega allt nema hugurinn var tekið frá mér þá loksins leyfði ég mér að skrifa. Ég vil vera innblástur fyrir alla og ég vil líka vera vonin sem mig vantaði svo sárt þessa sjö mánuði sem ég lifði í því hugarhelvíti sem óstjórnlegur kvíði, reiði og ósætti við lífið búa til.

Heiða, mamma Katrínar segist nú ekki hafa verið á eitt sátt með fyrirætlanir dóttur sinnar um að deila með heiminum því sem hún var að ganga í gegnum, en Katrín sat fóst við sinn keip og skrifar pistla sem sannarlega eru hugvekjandi og hafa fengið marga til að leiða hugann að eigin lífi, ekki síst því að kunna að meta fegurðina í hinu smáa. Heiða var þó nokkuð fljót að átta sig á að skrifin höfðu sannarlega fleiri kosti en ókosti og hefur hún verið helsti bandamaður og hægri hönd dóttur sinnar við gerð pistlana, en flesta þá prýða glæsilegar ljósmyndir sem Heiða ásamt fleiri fjölskyldumeðlimum og vinum, hefur fengið að smella af eftir skýrum fyrirmælum. Katrín vinnur svo myndirnar sjálf í ípáinu.

Katrín Björk var að vinna í Kaupmanninum, verslun tengdforeldra hennar á Ísafirði þegar stóra heilablæðingin kom: „Ég fann að ég var að fá heilablæðingu“ segir hún og mamma hennar staðfestir það: „Hún hringdi í mig og sagði mér að þetta væri að gerast, en ég vildi ekki trúna því, því hún var búin að vera mjög hrædd frá síðasta blóðtappa. Ég reyndi að segja að þetta væri bara kvíðakast, en það gekk ekki.“

Katrín man vel hvernig henni leið þennan örlagaríka dag og



Katrín Björk með Guðjóni föður sínum.

var ekki í nokkrum vafa um hvað var að gerast: „Þetta er mjög sérstök tilfinning og ef maður hefur fengið hana áður þá veit maður hvernig hún er. Ef þú ímyndar þér að æð opnast inn í heilanum á þér og þú finnur það greinilega og höfuðið verður þungt í andartak. Ég fann í bæði skiptin að eitthvað alvarlegt hefði komið fyrir.“

Katrín fann líka þegar hún fékk fyrstu heilablæðinguna. Hún hafði nýlengi við Crossfit æfingu og fann að eitthvað gerðist. Hún leit í spegil og sá að andlitid var ekki eins og það átti að sér að vera: „Við Ásgeir fórum beint á bráðamóttökuna og töluðum við lækna. Þá var tungan kraftlítill og ég varð þvoglumælt.“ Þá kom í ljós að heilablæðing hafði átt sér stað og nokkrum dögum seinna kom svo blóðtappi í kjölfarið.

Dásamleg tilfinning

Hann hefur hvorki verið einfaldur, né auðveldur, vegur Katrínar Bjarkar að bata, en hún lætur engan bilbug á sér finna. Seigla hennar og æðruleysi eru eftirtektarverð og það er eiginlega ekki hægt annað en velta því fyrir sér úr hverju hún er gerð. Hún eignar sér ekki

mikið sjálf aðspurð um hvaðan hún fær kraftinn sem einkennir hana: „Ég hugsa að styrkurinn komi frá öllu því ótrúlega góða fólki sem umvefur mig ást og hamingju alla daga. Ég mun alla tíð gera allt hvað ég get til að eiga skemmtilegt líf með þeim.“

Hún segir jafnframt að það hafi komið gjörsamlega flutt upp á sig að vera kosin Vestfirðingur ársins. Hún hafi eiginlega bara haldið að einhver væri að gera at í henni en á sama tíma afskaplega glöð. „Mér fannst þessi titill vera alltof stór og mikill fyrir mig, núna er ég í hópi með alvöru hetjum sem hafa jafnvel bjargað mannlífi og ég er bara lítið flón frá Flateyri!“

Katrín er þó ekkert flón líkt og þeir sem hana þekkja eða lesa bloggjið hennar vita. Á meðan hún var kraftlaus frá hvirfli til ilja gat hún meira að segja gert grein fyrir hvaða lyf hún vildi ekki fá líkt og mamma hennar greinir hér frá:

„Hún passaði upp á með lyfin sem hún var að fá og vildi fá að vita hvað væri verið að gefa henni. Hún áttaði sig á að hún var að fá tvö lyf sem hún átti ekki að fá. Annars vegar var lyf sem Katrín hafði áður fengið og vissi að hún þoldi ekki. Það olli henni mikilli vanlíðan og krömpum, en eftir að það var tekið út þá varð gjörbreyting á líðan hennar. Eins var þarna lyf sem Katrín sagði engum manni hollt og það væri engin ástæða til að gefa henni það. Án þess að geta talað gat hún í raun barist fyrir rétti sínum!“ Katrín lítur á mömmu sína, eins og til að gefa henni til kynna að þarna væri hún komin út fyrir efnið, en Heiða bregst skjótt við og segist alveg mega monta sig aðeins af dótturinni, sem vekur upp mikla kátínu hjá okkur öllum.

Katrín var ekki á nokkrum punkti tilfinningalaus í líkamnum þrátt fyrir lómunina og segir að það hafi verið dásamleg tilfinning þegar að hún fór að geta hreyft fingurna, fyrst kom hreyfigeta í þumalfingur og síðan kom hún í hvern fingur-



Katrín Björk á jólum ásamt Huldu Maríu systur sinni.

Kaupmaðurinn

Austurvegi 2, 400 Ísafirði
Sími: 456 4070

Verslunin Kaupmaðurinn á Ísafirði er til sölu

Verslunin var stofnuð árið 2013 og selur fatnað, skart og gjafavöru. Rekstur hennar hefur staðið undir væntingum og horfur eru góðar. Hún þjónar í senn heima-fólki og ferðamönnum.



Verslunin selst á hóflegu verði og fjárbinding í vörubingðum er í lágmarki. Góð og skemmtileg hálf dags-vinna fyrir þá sem vilja freista gæfunnar!

Frekari upplýsingar gefur Gísli Jón Hjaltason



Útgefandi: Athafnagleði ehf., kt. 690715-0740
Afgreiðsla og ritstjórn: Mánagötu 2, Ísafirði, sími 456 4560
Ritstjóri BB og bb.is: Bryndís Sigurðardóttir, 896 9838, bb@bb.is
Abyrgðarmaður: Bryndís Sigurðardóttir.
Blaðamaður: Smári Karlsson, 866-7604, smari@bb.is
Auglýsingar: Sími 456 4560, auglysingar@bb.is
Prentvinnsla: Litróf ehf.
Upplag: 2.200 eintök
Dreifing: Íslandspóstur. Dreift án endurgjalds inn á öll heimili á norðanverðum Vestfirðum
Stafræn útgáfa: www.bb.is / facebook.com/pages/bbis
Önnur útgáfa: Á ferð um Vestfirði
ISSN 1670-021X

Tekið er á móti auglýsingum á pósthfangið bb@bb.is. Auglýsingar þurfa að berast fyrir kl. 17 á mánudögum fyrir útgáfudag sem er almennt á fimmtudögum.



Unnustinn Ásgeir með Katrínu Björk.

inn á fætur öðrum: „Ég fann að vöðvarnir væru að byrja að svara mér með litlum kippum, en skynið og tilfinningin var alltaf til staðar, það var bara eins og ég væri í vettlingi.“

Katrín Björk er með sitt ótrúlega minni man kristaltært eftir dvölinni á gjörgæslunni eftir aðgerðina. Hver sagði hvað og hver gerði hvað. Mamma hennar segir að tíminn sé nú meira og minna í móðu hjá henni, en öðru máli gegni um Katrínu sem muni allt í smáatriðum og segir um fyrstu minninguna þegar hún vaknaði á gjörgæsludeild: „Ég man þegar mamma sat hjá mér og horfði í augun á mér og sagði að ég hefði fengið aðra heilablæðingu og ég væri að vakna eftir aðgerð þá hugsaði ég: „Vá! Ég lífið.“

Sísyngjandi barn

Grunnskólagangan var á Flatreyri, allt þar til í 10. bekk er hún færði sig yfir í Grunnskólann á Ísafirði, sem hún segir mikið góða ákvörðun. Hún var þar í tónlistarnámi og vinir hennar á Ísafirði. Hún var virk í leik og starfi og keppti meðal annars fyrir hönd G.I. í Samfés keppninni, söngvakeppni félagsmiðstöðva á Íslandi, sem haldin var í Laugardalshöll þar sem hún söng „Heyr mína bæn.“

„Skólaganga mín var lærdómsrík og góð sérstaklega menntaskólaárin þau voru skemmtilegustu ár lífs míns.



Vinkonurnar Katrín Björk og Arnheiður Steinþórs.

Hugurinn hefur alltaf og mun alltaf stefna á toppinn.“ segir Katrín Björk þegar hún rifjar upp bernskuna og unglingsárin. Hún var á leiðinni í inntökupróf í hjúkrunarfræði þegar stóra heilablæðingin kom og var búin að undirbúa sig vel og lesa yfir námsefnið þrisvar sinnum til að undirbúa sig, sem lýsir vel þessari metnaðargjörnun ungu konu.

Við ræðum aðeins sönginn og gott vald Katrínar yfir málinu, sem skín svo vel í gegn í blogginu hennar. Fyrsta ár hennar í háskóla nam hún lyfjafræði og kom hún heim um veturinn með heilan bálk af gamanvísunum í farteskinu sem hún hafði samið fyrir Stútung, þar sem hún sló svo í gegn við flutninginn. Heiða segist engan skilning hafa á hvaðan ljóðræna dóttur hennar komi, hún hafi hana allavega alveg örugglega ekki frá foreldrunum, en hún hafi frá unga aldri gjarnan tjáð sig í bundnu máli og þær vinkonurnar Katrín Björk og Arnheiður stundum talað þannig saman.

„Ég var sem barn og unglínglingur sísyngjandi, kát og glöð. Mér fannst skemmtilegast að spila og syngja. Snjóflóðið mótadi mig, ég var barn sem þældi alltof mikið í hlutunum og lærði að sjá hvað ég væri í rauninni heppin að ég og mín nánasta fjölskylda hefðum komist lífs af. Það kenndi mér að vera þakklát fyrir lífið og njóta alls þess fallega og góða sem lífið býður upp á núna, því lífið er svo alltof stutt. Það halda margir að þetta sé hugarfasbreyting sem hafi átt sér stað við veikindin, en nei, svona er bara ég í hnotskurn og ég er afar þakklát fyrir það.“ Segir Katrín um sjálfa sig í uppvextinum og bætir við sögu sem lýsir persónuleika hennar vel:

„Ég man þegar ég var örugglega tíu eða ellefu ára. Þá var ég að labba í stórum stelpuhóp og þá voru þær að tala um einhverjar fullorðins áhyggjur og ég hljóp frá þeim og kallaði: „Ég er bara barn og ég ætla að njóta þess!“ Ég hef alltaf verið

nákvæmlega svona.“

Í sátt við ótímabæran þroska

– Þú ert 21 árs þegar að þú færð fyrst heilablæðingu og svo blóðtappa. Það var mjög áhrifaríkt bloggið þitt þar sem þú lýsir því hvernig kvíði og reiði stjórnaði lífi þínu að stórum hluta þar til næsta áfall reiddi yfir. Þegar þú lítur í baksýnisspegilinn, hefðir þú viljað gera eitthvað öðruvísi?

„Fyrir mig var þetta óeðlileg hegðun og ég sé eftir því. Þegar ég lít til baka þá var ég í eilífum feluleik það mátti til dæmis enginn sjá að höndin mín væri ónothæf. Ég hefði þurft að „knúsa“ sjálfa mig og róa mig niður og ekki vera svona ofboðslega kvíðin og ósátt yfir því að ná ekki fyrri færni aftur. Þegar ég vaknaði eftir stóru blæðinguna þá var róin sem mig hafði vantað komin. Í dag er ég sátt við þennan ótímabæra þroska sem mér hefur verið gefin, þetta kraftlitla andlit segir sögu sem ég mun aldrei nokkurn tímann skammast mín fyrir. Ég nýt þess að finna styrkinn aukast með hverjum degi sem líður.

Líkt og margir Flateyringar þurftu Katrín ung að árum að taka út þroska, sem hjá flestum liggur ekki fyrir að glíma við á lífsleiðinni, er snjóflóð reidd yfir byggðina og hafði á brott með sér 20 mannlíf, sem líkt og gefur að skilja er mikil blóðtaka fyrir lítið þorp. Er 21 ár var líðið frá flóðinu síðasta haust birti Katrín þessa áhrifaríku færslu á blogginu sínu:

Ég var tveggja og hálfis árs þegar við fjölskyldan lentum í snjóflóðinu á Flateyri. Sem betur fer hafði pabbi byggt svo sterkt hús að efri hæðin flaut ofan á flóðinu og við komumst öll lífs af. Við misstum allt veraldlegt en við höfðum hvort annað og það skiptir mig mestu máli.

Ég var tveggja og hálfis þegar ég lenti í atburði sem ég man ekkert eftir en hann hafði áhrif á hugsunarhátt minn fyrir lífsíð. Ég man eftir þegar ég lék mér á grunninum á húsinu mínu, ég man eftir öörygginu, hræðslunni, óréttlætunni og sorginni sem ég fylltist og skynjaði í kringum mig þegar ég skammadi snjóinn og ég man hvernig hugur minn þroskaðist og ég gekk ekki að morgundeginum vísun.

Ég hef oft verið spurð að því hvort ég líti ekki öðruvísi á lífið eftir heilaáföllin þrjú, svarið er nei, ég var tveggja og hálfis árs þegar hugur minn tók í fyrsta skipti út ótímabæran þroska. Sem lítið barn í blóma lífsins náði ég í gegnum þessa hræðilegu og miklu sorg að halda í blómstrið með ör á sálu minni og skilning á lífinu sem ég vona að ekkert tveggja og hálfis árs

gamalt barn þurfi að fá, svona er lífið í hnotskurn og það eina sem ég get gert er að njóta hvers dags sem mér er gefinn.

Ekki tala framhjá mér

Nú vitum við mannskepnurnar oft ekki hvernig við eigum að haga okkur, vitum ekki hvernig við eigum að vera í kringum fólk eftir að það hefur upplifað áföll. Vitum ekki hvernig við eigum að nálgast fólk þegar lífið hefur skyndilega breytt um svip og stefnu hjá þeim – eða jafnvel ásynnd þeirra. Sumir eru auðvitað betri í þessu en aðrir, en ég er mjög forvitin að vita hvernig þú vilt að fólk komi fram við þig?

„Ég vil að fólk sem er óöruggt í samskiptum við mig hugsi hvernig það hefði komið fram við mig áður en ég veiktist og þau hefðu heilsað mér, væntanlega farið að spjalla og þá hefði ég fengið orðið líka og þannig vil ég að fólk komi fram við mig. Það tekur á þegar fólk sem ég þekki ágætlega talar framhjá mér og leyfir mér ekki að svara, eða taka þátt í samræðunum. Spyr kannski mömmu „borðar hún þetta?“ og ég sit beint fyrir framan viðkomandi.“

Heiða bætir við að það komi reglulega upp á að fólk spyrji hana um hlutina í stað þess að tala við Katrínu beint og þar sé heilbrigðisstarfsfólk ekkert endilega betra en hinn almenni borgari. Katrín bætir við: „Ég hef stoppað marga lækna og sagt: „Ég vil að þú talir við mig!“ Katrín segir líka að fólk tjá sig með allskonar hætti við hana, sumir hækki róminn, jafnvel hrópi, en það er ekkert að heyrn hennar eða að fólk finnist það þurfa að koma mjög nálægt henni til að hún heyrir og skilji:

„Sumir koma svo nálægt mér að ég finn lyktina af hádegismatnum“ segir Katrín við góðar undirtektir í hlátri, „og í eitt skipti fékk ég ofnæmiskast yfir hnetum sem konan sem talaði við mig hafði borðað því hún kom svo nálægt.“

Katrín Björk er með góða og skemmtilega nærveru og í spjalli okkar var oft slegið á létta strengi eins og undir þessum líð spjallsins og mikið hlegið. Þegar öllu er á botninn hvolft og veikindin lögð til hliðar þá er hún líka bara 23ja ára stelpa:



Svo er ég bara ósköp venjuleg 23 ára stelpa með brennandi áhuga á tísku, bloggum, snyrti- og húðvörum, næringarríkum mat, heilsu og innanhúshönnun en vegna áfallanna vill það oft gleymast, því þykir mér nauðsynlegt bara fyrir mig sjálfa að skapa mér vettvang til að leggja veikindin til hliðar þegar ég vil og leyfa áhugamálum mínum að njóta sín.

Katrín er trúlofuð Ísfirðingnum Ásgeiri Gíslasyni, sem er nú fyrir sunnan að læra flug-

umferðarstjórn hjá ISAVIA. Þau skótu hjúin voru saman í borginni fyrir áramót er Katrín var í endurhæfingu á dagdeild Grensáss. Katrín er greinilega ung og ástfangin kona og oft má sjá hana skrifa undurfallega um Ágeir í blogginu, ekki talar hún síður fallega um fjölskyldu sína og tengdafjölskyldu. Aðspurð um drauma sína fyrir framtíðina segist hún einfaldlega vilja eiga hamingjuríkt fjölskyldulíf og heimili með Ásgeiri.

Ég kvaddi þessa kjarna-konu með hlýju í hjarta eftir góða stund við eldhúsborðið á Grundarstígnum. Í forstofunni á leið minni út spjöllum við Heiða aðeins um tímann sem þær mæðgur vorðu í Reykjavík í endurhæfingunni í haust. Þegar Heiða segir að það hafi rignt upp á hvern einasta dag, stoppar Katrín hana af og gefur bendingu um að það hafi verið rigningarlaust í tvo daga. Við brestum enn eina ferðina í hlátur – og ekki að ég hafi þurft sannfæringarinnar við, en þarna kom svart á hvítu enn eitt dæmið um að engu er upp logið um stálminni Katrínar Bjarkar.

annska@bb.is





Sportið í beinni

fimmtudagur 19. janúar

19:05 Stjarnan - Njarðvík

20:00 Golf - PGA Tour

föstudagur 20. janúar

19:25 Freiburg - B Munchen

19:40 Brighton - S Wednesday

19:45 Skallagrímur - Þór Ak.

20:00 Golf - PGA Tour

22:00 Domino's körfuboltakv.

01:00 GS Warriors - H Rockets

laugardagur 21. janúar

08:30 Golf - European Tour

12:20 Liverpool - Swansea City

12:25 QPR - Fulham

14:25 Augsburg - Hoffenheim

14:50 WBA - Sunderland

14:50 Crystal Palace - Everton

14:50 Stoke City - Man United

14:50 Middlesbr - W Ham Utd

14:50 Bournemouth - Watford

15:10 Real Madrid - Malaga

16:20 Keflavík - Grindavík

17:20 Man City - Totthotsp

20:00 Golf - PGA Tour

sunnudagur 22. janúar

08:30 Golf - European Tour

11:50 Southampton - Leicester C

14:05 Arsenal - Burnley

16:20 Chelsea - Hull City

19:40 Eibar - Barcelona

20:00 Atl Falcons - GB Packers

20:00 Golf - PGA Tour

23:35 NE Patriots - Pittsb Steelers

mánudagur 23. janúar

21:00 Messan

miðvikudagur 25. janúar

19:05 Snæfell - Valur

19:55 Liverpool - Southampton

Dagar Íslands

21. janúar 1918

Mesta frost sem mælst hefur á Íslandi mældist á Grímsstöðum og í Möðrudal -38 °C.

22. janúar 1983

Tvö snjóflóð féllu á Patreksfirði. Fjórir fórust og margir misstu heimili sín.

23. janúar 1973

Eldgos hófst á Heimaey.

25. janúar 1974

Geirfinnsmálið: Guðmundur Einarsson hvarf sporlaust.

Helgarveðrið

Á föstudag:

Sunnan 8-13 og rigning eða súld, en bjartviðri NA-lands. Hlýnandi veður, hiti 3 til 7 stig síðdegis.

Á laugardag:

Sunnan og suðvestan 10-15 og rigning eða slydda með köflum. Hægari vindur og þurr N- og A-lands. Hiti 1 til 5 stig.

Á sunnudag:

Breytileg átt 3-10 og él, en þurr austanlands. Hiti kringum frostmark. Vaxandi suðaustan-átt um kvöldið með slyddu eða rigningu á Suður- og Vesturlandi og hlýnandi veðri.

Krossgátan










					KVÍA	TÁLKN- BLÖÐ	KANNA		STANSA	ELDS- NEYTI	SLÆMA
					AFSPRENGI						
					FLEY				HÁTÍÐ		
									ÓFRIDUR		
					FADMA						SJÚK- DÓMUR
				GRIND					SKÓLI		
				ÓFOR- SJÁLNI					MJÓLKUR- VARA		
	↓	FJÖL- BREYTNÍ	YFIRGAF BERIST TIL				FARVEGUR HÚÐ				FUGL
GJALD- MIÐILL							TILVIST OFANFERÐ				HAPP- DRÆTTI
KVK. SPENDÝR						MIÐI KLÓ					
ÁTT			LÖGUN FUGLA- HLJÓÐ					SKARÐ EKKERT			
DRAUP				TAMNING ÁGÆTIS					TVEIR EINS KLÆÐI		
ALGJÖR- LEGA						TÓFT ELDHÚS- ÁHALD					LÍFFÆRA
		TIGNA NIÐUR- LÆGJA					RÁNDÝR GRUFLA				
SÓT						FUGL ÁKEFÐ					MÆLI- EINING
KRINGUM			TÆMA EFNI					BLUND EYRIR			
VARKÁRNI				FLYTJA TVEIR EINS					TVEIR EINS ÆTÍÐ		
GLEÐI						SVEIA					
BLÓMI						EIN- SÖNGUR					

ENDURSKOÐUN Sími í Bolungarvík 450 7900
Sími á Ísafirði 450-7910
VESTFJARÐA ehf
Aðalstræti 19, 415 Bolungarvík • Hafnarstræti 9, 400 Ísafjörður

Fréttir og
upplýsingar um
réttindi og kjör
á vinnumarkaði
www.verkvest.is

Á döfinni – Viðburðadagatal

Viðburðadagatal Bæjarins besta er nýr farvegur til að koma upplýsingum um menningarviðburði eða fundi á framfæri við íbúa á norðanverðum Vestfjörðum. Hvar og hvenær það er sem skiptir máli og á vefnum má svo finna ítarlegri upplýsingar um viðburðina.

Viðburðadagatal Bæjarins besta er nýr farvegur til að koma upplýsingum um menningarviðburði eða fundi á framfæri við íbúa á norðanverðum Vestfjörðum. Hvar og hvenær það er sem skiptir máli og á vefnum má svo finna ítarlegri upplýsingar um viðburðina.				fim. 19. jan.  Bæjarstjórnarfundur kl. 17:00	fös. 20. jan.	lau. 21. jan. Porrablót hjóna og sambúðarfólks Bolungarvík. Porrablót Varnar Þingeyri
sun. 22. jan.	mán. 23. jan.  Bæjarráðsfundur kl. 20:00	þri. 24. jan.	mið. 25. jan.	fim. 26. jan.	fös. 27. jan. Sólarkaffi Ísfirðingafélagsins Grand Hótel, Reykjavík	lau. 28. jan.
sun. 29. jan.	mán. 30. jan.  Bæjarráðsfundur kl. 20:00	þri. 31. jan.	mið. 1. feb.	fim. 2. feb.  Bæjarstjórnarfundur kl. 17:00	fös. 3. feb.	lau. 4. feb. Porrablót Kvenfélagsins Hvatar Hnífsdal. Porrablót Bolvíkingafélagsins Safamýri 26, Reykjavík
sun. 5. feb.	mán. 6. feb.  Bæjarráðsfundur kl. 20:00	þri. 7. feb.	mið. 8. feb.	fim. 9. feb.	fös. 10. feb.	lau. 11. feb. Stútungur Flateyri
sun. 12. feb.	mán. 13. feb.  Bæjarráðsfundur kl. 20:00	þri. 14. feb.	mið. 15. feb.	fim. 16. feb.  Bæjarstjórnarfundur kl. 17:00	fös. 17. feb.	lau. 18. feb.
sun. 5. feb.	mán. 6. feb.  Bæjarráðsfundur kl. 20:00	þri. 7. feb.	mið. 8. feb.	fim. 9. feb.	<h3>Atvinna</h3>  <p>Óska eftir beitningarfólki á Ísafjörð, mikil vinna í boði. Allar fyrirspurnir sendast á sverrir@otur.is eða í síma 860-7960</p>	

Lausn á síðustu krossgátu

		UMDÆMIS	ÚTBÍÁ	SKADA	KRADAK	FÚSLEGA	BJARG- BRÚN
	INNAN- STOKKS- MUNIR	H	Ú	S	G	Ö	G
	BORÐA	É	T	A	TALA HLUT- DEILD	S	J
	SKARA	R	A	K	FRÁ NEDAN VIÐ	A	F
	MAKADUR ÁGÆTIS	A	T	A	Ð	U	R
	↓	PLATA	JAFNVEL ÖLÆTI	FRAM- KVÆMA LYKT	I	N	N
GLEÐI	U	N	A	Ð	S	NÆRBAR FOR	A
BANDA	P	A	T	A	SÁL HARLA	A	N
FYRIR HÖND	P	R	L	A	U	G	R
KYK NAFN	G	R	Ó	F	R	A	M
TRUFLA	R	A	S	K	A	NÆGILEGA SLÆMA	N
	Ö	FUGL ÓTFALL	O	R	R	I	N
MORKNA	F	Ú	N	A	BRAGUR ÁHRIFA- VALD	L	J
TVEIR EINS	T	T	P	Í	L	A	A
PEI	U	S	S	T	A	F	S
HVIKA	R	O	K	K	A	KER	N
LABBADI	G	E	K	K	ÓSKIPTAN	A	L

Auglýsinga- sími



bb.is er

456 4560

Sudoku þrautir

	2	7			6	8		
						9		
	4					1	5	
5		9						
			4		7		3	
1				3	8			
				2				4
7				1	4			5
		3		7			8	6



HRADFRYSTIHÚSID-GUNNVÖR HF.
- sjálfbær nipting sjávarauðlinda



HÚSASMÍÐJAN
HLUTI AF BYGMA

ALLT AÐ

60%
AFSLÁTTUR

**SÚPER
ÚTSALA**
HÚSASMÍÐJUNNAR

SÚPER ÚTSÖLU

LÝKUR 23. JANÚAR

FJÖLDI VÖRUFLOKKA OG MÖRG ÞÚSUND VÖRUR Á SÚPER AFSLÆTTI

FLÍSAR 30-60% • BRAUÐRISTAR, KAFFIVÉLAR & HANDPEY TARAR (ELECTROLUX) 30% • RYKSUGUR 20-30% • BLANDARAR 25-45%
PARKET 30% • LJÓS 30-50% • BLÖNDUNARTÆKI (DAMIKA) 25% • RAFMAGNSVERKFÆRI 20-40% • HANDVERKFÆRI 20-40%
VERKFÆRATÖSKUR 30-40% • HÁPRÝSTIDÆLUR 30% • MÁLNING 25% • ÁLTRÖPPUR OG STIGAR 25% • VINNUSKÓR 25-40%
HNÍFAPÖR, MATARSTELL & GLÖS 25% • POTTAR, PÖNNUR & BÖKUNARVARA 30% • PLASTKASSAR 25-50%
ÚTIVISTARFATNAÐUR (TRUE NORTH) 30% • JÓLAVÖRUR 50-70% • GJAFAVARA 25-50% • KERTI & GERVIBLÓM 30%
POTTAPLÖNTUR 30-50% • INNIHURÐIR 20-40% ...OG ÓTAL MARGT FLEIRA!

blómaval

BÓNDADAGUR Á FÖSTUDAG

Mikið úrval af afskornum blómum
Pottaplöntur á útsölu meðan birgðir endast

Athugið pottahlífar/blómapottar á myndum fylgja ekki með.

-25%

Túlipanar 10 stk.

1.490kr

~~1.990kr~~



Byggjum á betra verði

www.husa.is

Afsláttur á útsölu gildir ekki á vörum merktum „legsa lúga varð Húsasmiðjunnar“ og tilbodvörum. Þitt með fyrirvara um pluggillur og myndavél. Úrval getur verið mjaðgnt milli verslana.